

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 – 1994

14. janúar 1994

1

Nr. 1

BRÁÐABIRGÐALÖG

um stöðvun verkfalls fiskimanna í aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands utan Vestfjarða svo og Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér að félagsmenn á fiskiskipaflotanum í flestum aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands utan Vestfjarða svo og félagsmenn í Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja hafi hafið vinnustöðvun dagana 2.–5. janúar s.l. Ríkissáttasemjari hafi tjáð ríkisstjórninni að ítrekaðar sáttatilaunir hafi reynst árangurslausar og engar horfur séu taldar á lausn vinnudeilunnar í bráð. Vinnudeilan valdi víðtæku atvinnuleysi meðal annarra launþega en þeirra er í verkfalli eru. Haldi vinnudeila þessi áfram muni hún hafa í för með sér mikinn skaða fyrir atvinnulíf landsmanna og óbætanlegt tjón fyrir þjóðarbúið í heild.

Því telji ríkisstjórnin að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun fiskiskipaflotans og leggja grunn að því með hvaða hætti endir verði bundinn á deilu þessa.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd þriggja manna. Nefndin skal gera tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör og undirbúa nauðsynlega löggjöf í þeim efnum. Nefndin skal skila tillögum sínum sem fyrst og eigi síðar en 1. febrúar 1994.

2. gr.

Allir síðast gildandi kjarasamningar þeirra aðila sem lög þessi taka til skulu gilda frá gildistöku laga þessara til 15. júní 1994, nema aðilar semji um annað.

3. gr.

Vinnustöðvanir þær sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða eru óheimilar.

4. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða þau sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. janúar 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.